

REGLUR

um breytingu á reglum fangelsa nr. 54/2012.

1. gr.

Eftir 8. gr. reglnanna bætist við ný grein sem verður 8. gr. a *Fangaklefar*, svohljóðandi:

Föngum í lokuðum fangelsum er óheimilt að fara inn á fangaklefa annarra fanga. Forstöðumaður getur í samráði við Fangelsismálastofnun vikið frá reglunni ef sameiginlegt rými í fangelsinu er ekki fullnægjandi eða aðrar ástæður mæla með því.

2. gr.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun ríkisins og byggjast á heimild í 80. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 og öðlast þær gildi 15. apríl 2014.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 10. apríl 2014.

Páll E. Winkel.

B-deild – Útgáfud.: 14. apríl 2014